

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 109/2018****2020/EES/71/07****frá 31. maí 2018****um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/214 frá 30. nóvember 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 að því er varðar að bæta áldufti í skrána yfir forefni sprengiefna í II. viðauka <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/215 frá 30. nóvember 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 að því er varðar að bæta sexvötnuðu magnesíumnitrati í skrána yfir forefni sprengiefna í II. viðauka <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar frá 30. nóvember 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 að því er varðar að bæta magnesíumdufti í skrána yfir forefni sprengiefna í II. viðauka <sup>(3)</sup>.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 12zzq (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013) í XV. kafla:

„, breytt með:

- **32017 R 0214:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/214 frá 30. nóvember 2016 (Stjttíð. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 1),
- **32017 R 0215:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/215 frá 30. nóvember 2016 (Stjttíð. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 3),
- **32017 R 0216:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/216 frá 30. nóvember 2016 (Stjttíð. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 5).“

2. Eftirfarandi er bætt við 6. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013) í XXIX. kafla:

„, breytt með:

- **32017 R 0214:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/214 frá 30. nóvember 2016 (Stjttíð. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 1),
- **32017 R 0215:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/215 frá 30. nóvember 2016 (Stjttíð. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 3),

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 3.<sup>(3)</sup> Stjttíð. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 5.

- **32017 R 0216:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/216 frá 30. nóvember 2016 (Stjtið. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2017/214, (ESB) 2017/215 og (ESB) 2017/216, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.